

Upplýsingastefna

1. Markmið upplýsingastefnu

Ívera ehf. (Ívera) leggur áherslu á að félagið veiti markaðnum tímanlega nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um félagið ásamt því að eiga góð samskipti við hagsmunaaðila tengda félaginu, þ.e. hluthafa, fjárfesta, greiningaraðila, matsfyrirtæki, kauphöll Nasdaq á Íslandi, fjölmiðla, lánveitendur og viðskiptavini. Upplýsingastefna Íveru tekur til framangreindra aðila en Ívera sinnir upplýsingagjöf í samræmi við upplýsingastefnu félagsins. Upplýsingastefnan á að tryggja jafnan og skilvirkan aðgang hagsmunaaðila að réttum og áreiðanlegum upplýsingum um rekstur félagsins.

2. Verklag upplýsingamiðlunar

Íveru ber að birta opinberlega upplýsingar eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum sem sækja heimildir sínar þangað. Reglur Nasdaq á Íslandi fyrir útgefendur fjármálagerninga, eins og þær eru á hverjum tíma, mæla einnig fyrir um hvað félaginu ber að birta opinberlega.

Þær upplýsingar sem falla undir upplýsingaskyldu Íveru skv. þessari stefnu eru:

- fjárhagsupplýsingar skv. II. kafla nr. 20/2021;
- aðrar upplýsingar til handhafa skuldaskjala samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 20/2021;
- lýsing í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 2017/1129, sbr. lög nr. 14/2020;
- innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 596/2014, sbr. lög nr. 60/2021;
- Aðrar upplýsingar sem getur verið skylt að birta samkvæmt reglum Nasdaq Iceland hf.

Fréttatilkynningum félagsins, sem falla undir upplýsingaskyldu þess, er dreift í gegnum kerfið LiveMarketData, sem birtir kauphallartilkynningar opinberlega í Kauphöll. Þegar fréttir hafa verið birtar í fréttaveitu eru þær birtar á vef félagsins. Ívera mun í samræmi við upplýsingaskyldu félagsins birta fréttir og veita upplýsingar um öll mál sem teljast hafa umtalsverð áhrif á rekstur, stefnu og þróun félagsins.

Á vefsíðu Íveru er að finna svæði sem ber heitið „Fjárfestar“. Þar má jafnframt nálgast þær upplýsingar sem félagið mun birta í samræmi við lög, útgefendareglur Kauphallar og stjórnarhætti félagsins.

Hér að neðan er verklag fyrir birtingu einstakra tegunda upplýsinga.

2.1 Birting grunnlýsingar og skilmála skuldaskjala

Grunnlýsing Íveru, eins og hún er á hverjum gefnum tíma, skal innihalda nauðsynlegar upplýsingar sem máli skipta fyrir fjárfesti svo honum sé kleift að meta með upplýstum hætti eignir, skuldir, hagnað, tap, fjárhagsstöðu og horfur útgefanda á dagsetningu lýsingarinnar, réttindi sem fylgja skuldaskjölunum og ástæður útgáfunnar og áhrif hennar á félagið. Upplýsingar um nafnverð, vexti (ef við á), útgáfuverð og aðra skilmála

sem eiga við um hvern útgáfuhluta flokks skuldaskjala, og ekki eru þekktar við útgáfu grunnlýsingarinnar, koma fram í endanlegum skilmálum skuldaskjalanna.

Fjármálaeftirlitið staðfestir lýsinguna í þeim skilningi að hún uppfylli kröfur laga og birtir hana á vefsetri sínu, en hún gildir til 12 mánaða hverju sinni. Endanlegir skilmálar skulu skráðir hjá Fjármálaeftirlitinu og birtir á vefsíðu félagsins fyrir töku útgáfuhluta skuldaskjalaflokks til viðskipta í Kauphöll. Félagið skal birta og viðhalda grunnlýsingu og endanlegum skilmálum á vefsíðu sinni í a.m.k. 10 ár.

Allar breytingar á réttindum handhafa skuldaskjalanna, þar á meðal breytingar á skilmálum og skilyrðum skuldaskjalanna, sérstaklega þær sem stafa af breytingum á skilmálum eða vöxtum, sem gætu haft óbein áhrif á réttindin skulu birtar án tafar opinberlega.

2.2 Birting fjárhagsupplýsinga

Ársreikningur og árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða reikningsársins skulu birtir opinberlega eins fljótt og auðið er eftir lok þess tímabils, þó eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess í tilfelli ársreikninga og þremur mánuðum frá lokum þess í tilfelli árshlutareikninga.

Félagið skal birta og viðhalda ársreikninga og árshlutareikninga á vefsíðu sinni í a.m.k. 10 ár.

2.3 Birting innherjaupplýsinga

Ívera skal birta innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið er til samræmis við lög nr. 60/2021 um aðgerðir gegn markaðssvikum.

Félagið mun að meginstefnu ekki tjá sig um sveiflur í verði skuldaskjala og viðskiptamagni. Sama á við um orðróm og getgátur á markaði.

Félagið skal birta og viðhalda á vefsíðu sinni í a.m.k. fimm ár öllum innherjaupplýsingum sem honum ber að birta opinberlega.

3. Samskipti við ytri hagsmunaaðila

Ívera kappkostar að eiga í góðum samskiptum við hagsmunaaðila. Í þeim tilgangi er meðal annars leitast við að veita þeim aðstoð við umfjöllun um félagið, innan þess ramma sem lög og reglur heimila.

Hluthafar, sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar, eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri, geta sent tölvupóst á fjarfestar@ivera.is. Fyrirspurnum, sem varða rekstur, verður svarað. Félagið mun þó að meginstefnu ekki tjá sig um málefni sem varða afkomu eða rekstur bankans frá því að árshluta lýkur og fram að birtingu uppgjörs.

Ívera mun að meginreglu ekki tjá sig um sveiflur í verði hluta og viðskiptamagni. Sama á við um orðróm og getgátur á markaði.



Forstjóri Íveru er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Hann getur veitt öðrum starfsmönnum félagsins tímabundna heimild til þess að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar.

Forstjóri félagsins er Egill Lúðvíksson.

Netfang: egill@ivera.is

Sími: 517-3440 / 659-9900

3. Ábyrgð

Stefna þessi tekur þegar gildi og ber framkvæmdastjóri ábyrgð á framfylgd hennar.

Þannig samþykkt í stjórn Íveru þann 9. desember 2025.

John Jónsson
Beynind Rán Ólafsdóttir
Theodor Blöndal
Páll
Jónsson